

Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum

Skýrsla 5 (9. og 10. kennslustund)

Vogaskóli, 26. september 2008

Sigurbjörg Hallgrímsdóttir og Unnur Gunnarsdóttir umsjónarkennarar 4. S.U.

Ræddum um muninn á hvernig landnámskonan nam landið og hvernig landnámsmaðurinn nam sitt land!

Börnin ræddu um hve ósanngjarnt hafi verið fyrir Þorgerði landnámskonu að þurfa leiða kvígu frá sólarupprás til sólarlags á vordegi í kringum það land sem hún vildi eignast. Börnunum fannst svakalega ósanngjarnt að konurnar þurftu að ganga með gamla seinfæra belju um landið á meðan karlinn var á spretti á hesti með þrælana sína að bera eld á það land sem hann ætlaði að eignast.

Einnig ræddu börnin um að enginn hjálpaði konunni, hvar voru synir hennar? Af hverju hjálpuðu þeir mömmu sinni ekki að nema landið sérstaklega vegna þess að þeir hjálpuðu henni að byggja bæinn? Hver ákvað þessar reglur, af hverju var svona mikill munur á kynjunum? Hvernig er þetta í dag? Fá konur minni íbúð en karlar og kosta þeirra íbúðir meira en karlanna? Börnin voru öll sammála um að þetta væri ekki svona hjá fólki í dag. Sambúðarfólk velur sér húsnæði saman og borgar jafn mikið. Þau voru öll viss um að allir hefðu jafna möguleika á að velja sér húsnæði nú á dögum.

Umræðupunktur frá börnunum:

Landnámskonan:

- Af hverju þurfti hún að vera með gamla belju?
- Af hverju hjálpaði henni enginn að nema landið?



Landnámsmaðurinn:

- Af hverju fékk hann að nota hressan fola?
- Af hverju gat hann notað þræla?
- Af hverju fóru allir karlarnir saman að nema landið en konan ein?

